

Mánudaginn 19. maí 1969.

Nr. 94/1969. **Valdstjórnin**
 gegn
Steingrími Steinþórssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
 Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ.
 Torfason.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Úrskurð héraðsdóms hefur kveðið upp Haraldur Henryrson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. maí 1969, sem barst dóminum 14. s. m., og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Varnaraðili er grunaður um háttsemi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu eftir ákvæðum XVIII. og XXVII. kafla, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eru því samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds, sem rétt er að beita, eins og á stendur, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 11. maí 1969.

Lögreglurannsókn í máli þessu hófst í gær, laugardaginn 10. maí, kl. 2245, en þá kom ungur skólanemandi, Ásmundur Jón Jónsson, Bjarnhólastíg 1 hér í bæ, á lögreglustöðina í Kópavogi og kvaðst hafa upplýsingar fram að færa varðandi tilraun til að

sprengja upp og brenna herskála varnarliðsins uppi í Hvalfirði snemma í síðustu viku. Áfrámhaldandi rannsókn í máli þessu leiddi í ljós mjög sterkar líkur fyrir því, hverjir hefðu verið viðriðnir þessa meintu tilraun til sprengingar og brennu.

Eiríkur Kolbeinsson skólanemandi, Digranesvegi 44 hér í bæ, fæddur 13. september 1953, hefur skýrt svo frá við lögreglurannsóknina, að hann hafi útbúið klukkur þær, sem settar höfðu verið í samband við heimatilbúna sprengju, sem fannst í herskála uppi í Hvalfirði í síðustu viku. Eiríkur kveðst hafa afhent klukkur þessar síðastliðið mánudagskvöld við Tjarnargötu 20 í Reykjavík tilteknum mönnum, sem síðan fóru með þær ásamt sprengjunni og komu þessu fyrir í herskálanum. Sjálfur kveðst Eiríkur ekki hafa farið með.

Samkvæmt upplýsingum Eiríks, sem studdar eru frekari gögnum undir rannsókn málsins, segir hann menn þá, sem fóru með klukkurnar og sprengjuna upp í Hvalfjörð og komu þessu fyrir í herskála þar eftir að hafa hellt steinolíu á gólf skálans í kring, vera þessa: Magnús Sæmundsson kennaraskólanema, Hrauntungu 73, Kópavogi, Guðmund Jóhann Hallvarðsson iðnnema, Auðbrekku 21, Kópavogi, Jón Sigurðsson, 19 ára, til heimilis að Óðinsgötu í Reykjavík, Steingrím, 16—17 ára, til heimilis í Reykjavík, og Helga Kúld, fullorðinn mann, til heimilis í Kópavogi.

Steingrímur Steinþórsson menntaskólanemi, Flókagötu 57, fæddur 15. janúar 1951 í Reykjavík, kom fyrir rannsóknarlögreglu nú í kvöld til yfirheyrslu vegna máls þessa, og neitaði hann með öllu að vita nokkuð um mál þetta annað en það, sem í dagblöðum greindi. Hann kannaðist við að þekkja þá Magnús Sæmundsson og Rúnar Björgvinsson.

Það þykir ljóst, þrátt fyrir það að rannsókn málsins sé enn skammt komin, að miklar líkur séu til þess, að nefndur Steingrímur Steinþórsson hafi síðastliðið mánudagskvöld tekið þátt í för upp í Hvalfjörð til að koma þar fyrir heimatilbúinni sprengju í herskála þar.

Þar sem rannsókn málsins er enn á byrjunarstigi og ekki hefur enn náðst til allra þeirra, sem framkomnar upplýsingar benda til, að séu sakborningar, og ekki hefur gefizt tími til að yfirheyra ýmis vitni, þykir verða, sbr. 1. tölulið 67. gr. laga nr. 82/1961 um rannsókn opinberra mála, að úrskurða Steingrím Steinþórsson nemanda, Flókagötu 57, Reykjavík, í gæzluvarðhald í allt að 14 daga, á meðan frekari rannsókn stendur yfir.

Því úrskurðast:

Steingrímur Steinþórsson nemandi, Flóakagötu 57, Reykjavík, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 14 daga.

Miðvikudaginn 21. maí 1969.

Nr. 190/1968. **G. Þorsteinsson og Johnson h/f**

(Jón N. Sigurðsson hrl.)

gegn

Málmiðjunni h/f og gagnsök

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 8 s. m. Krefst hann, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til greiðslu kr. 47.838.98 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar til 12. júní 1965 og með 1% vöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. nóvember 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. s. m. Krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Baldur Ólafsson, framkvæmdastjóri og stjórnarformaður gagnáfrýjanda, og Garðar Þorsteinsson, forstjóri aðaláfrýjanda, áttu vorið 1965 viðræður um viðskipti þau, sem málið fjallar um. Í þinghaldi 27. febrúar 1967 kveðst Baldur Ólafsson ekki minnast þess, að í þessum viðræðum hafi verið